



Reykjavíkurborg

Villa ekki er til þýðing fyrir : á þessu tungumáli

Reykjavík, 12. júní 2019

R19010390

Ráðhús Reykjavíkur - mannréttindaskrifstofa

Tjarnargötu 11

101

***Verkefnastaða starfshóps um tillögur að nýju skipulagi lýðræðisverkefna - ósk um frest***

Sæl,

starfshópur þessi hefur þann tilgang að koma með tillögur að leiðum að nýju skipulagi lýðræðisverkefna Reykjavíkur með það að markmiði að samræma og einfalda aðgengi íbúans í ákvarðanatöku á vegum Reykjavíkurborgar. Horft verði sérstaklega til mannréttindastefnu, upplýsingastefnu og draga að lýðræðisstefnu sem og annarrar gildandi stefnumörkunar eftir því sem við á. Strax á fyrsta fundi kom í ljós að tveir aðrir hópar eru starfandi með nokkuð lík meginmarkmið. Hóparnir sem um ræðir eru starfshópur um aukið gagnsæi og samræmingu verklags í kringum styrkveitingar Reykjavíkurborgar og stýrihópur um nýsköpunar og snjallborgarstefnu. Hjá þessum þremur hópum er meira sameiginlegt en ekki og teljum við að nauðsynlegt sé að þessir hópar tali saman svo ekki verði til þrjár nýjar mismunandi leiðir sem leitast við að ná sama markmiði þ.e að einfalda aðgengi íbúans að borginni með kerfisbreytingum, skipulagningu, forgangsröðun og samræmingu verkefna og viðmóts ásamt uppfærslu innviða. Við teljum mjög mikilvægt að þessir hópar eigi samtál áður en tillögur eru lagðar fram og óskum því hér með um frest til 15. september 2019 til að skila inn niðurstöðum.

Með kveðju

Guðbjörg Lára Másdóttir  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar